




Reykjavík, 10. mars 2026
USK26010415

Sæmundargata 15-19 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / Könnun á afstöðu til tímabundinnar breytingar á notkun bílajakjallara

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. mars 2026 var lögð fram fyrirspurn PK arkitekta, dags. 27. janúar 2026, ásamt bréfi, dags. 27. janúar 2026, um tímabundna breytingu á notkun bílajakjallara á lóð nr. 15-19 við Sæmundargötu þannig að hann nýtist allur fyrir aðalnotkun hússins, sem er líftækni og skrifstofur. Einnig eru lagðar fram grunnmyndir; núverandi samþykktur uppdráttur, bráðabirgðaútfærsla og endanleg útfærsla.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Kristínargata 3 miðsvæði (M), nánar tiltekið borgarhluta M5a, Vísindagarðar-Fluggarðar. Lóðin er hluti af borgarhluta 2, Miðborg.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag Háskóla Íslands, austan Suðurgötu, samþykkt 28. september 1999. Veruleg breyting á deiliskipulagi var samþykkt 18. júní 2002 og svokallað „þekkingarþorp“ afmarkað undir heitinu „Vísindagarður, svæði A-F“. Önnur veruleg breyting, „Vísindagarðar H.Í og stúdentagarðar“, var samþykkt 9. júní 2011 með síðari breytingum, þar af tvær sem fjalla sérstaklega um bílastæði á svæðinu, samþykktar 10. nóvember 2016 og 17. maí 2019.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á tímabundinni breytingu á notkun bílajakjallara á lóð nr. 15-19 við Sæmundargötu þannig að hann nýtist allur fyrir aðalnotkun hússins, sem er líftækni og skrifstofur. Þar sem skilmálatæfla í gildandi deiliskipulagi breytist ekki og heimild er til þess að samnýta bílastæði milli lóða með samkomulagi er ekki farið fram á deiliskipulagsbreytingu.



Niðurstaða

- Jákvætt er tekið í fyrirspurnina. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir framkvæmdunum.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Óskar Örn Arnórsson
verkefnastjóri



Reykjavík